

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í pósthúsum 101 og 107

JANÚAR 2016



1. tbl. 19. árg.

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hreinn lífræn næring

Ægisíða 121 [f](#) /grænheilsa

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboði!



Fyrstubeckingar í Vesturbæjarskóla fóru upp á Landakotstún á dögunum og hengdu fuglamat sem þau höfðu útbúið úr eplum og Cheeriosi í trén. Að verkinu loknu sem var liður í útikennslu skemmtu sér svo allir á leikvöllinum áður en haldið var heim á leið í fallegu vetrarveðri. Á myndinni eru börnin að hengja fuglamatinn í tréin. Sjá aðra mynd á bls. 11.

Áætlað er að byggja um 450 íbúðir

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að um 1.200 íbúðir í fjölbýli séu ýmist á þegar samþykktu deiliskipulagi eða í skipulagsferli á þessu ári. „Ég get nefnt að á Keilugranda er

gert ráð fyrir 78 íbúðum, um 170 íbúðum í Vesturbugt og yfir 200 íbúðum í Stúdentagördum á Vísindareit eða vel á fimmta hundruð íbúða í Vesturbænum einum.“

„Við getum ekki skipulagt borg fyrir einn hóp eða einsleita íbúðapróun heldur verðum við að horfa á allan skalann og þá fjölbreytni sem býr í borginni. Henni þarf að mæta með

margbreytilegum valkostum og framboði af húsnæði. Fólk kys að kaupa sér húsnæði, aðrir vilja festa sér búseturétt og enn aðrir vera á leigumarkaði. Öll þessi flóra þarf því að vera til,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í viðtali við Vesturbæjarblaðið. Sjá viðtal við Dag á bls 12.

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

TEXASBORGARAR

Nýtt á Texasborgurum!

Frábært tilboð til að borða á staðnum eða taka með:

½ TEXAS-KJÚKLINGUR með frönskum, hrásalatí og kokteilsósu á 1.690 kr.

½ TEXAS-KJÚKLINGUR með brúnum grjónum og blönduðu salatí á 1.690 kr.

2 FYRIR 1
af Texas-ostborgurum með frönskum gegn framvísun þessa miða.
Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo.
Klipptu miðann út og taktu hann með þér. Gildir til 15.03.2016.

texasborgarar.is

- bls. 4-5
Viðtal við
Gunnar Hersvein

- bls. 6
Hraðlest til KEF

- bls. 12
Viðtal við
Dag B. Eggertsson



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](#) | [reyap@reyap.is](#)



Melabúðin
Þín verslun

[f](#) Sími 551-0224

Úrvals porramatur

úr kjötborði ...og allt meðlætið

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
1. tbl. 19. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Vinsælasta borgarbyggðin

Í frétt hér í blaðinu kemur fram að 125 fermetra íbúð á Högunum í Reykjavík seldist nýverið á um 50 milljónir króna. Á sama tíma seldist sambærileg íbúð á austanverðu Seltjarnarnesi á um 42 milljónir og önnur íbúð við Austurströnd á Nesinu á 37 milljónir. Parna kemur fram samanburður á íbúðaverði í Vesturbæ Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi þar sem verð á íbúðum hefur löngum verið í hærri kantinum. Verð íbúða á Seltjarnarnesi hefur ekki farið lækkandi sem sýnir að eftirspurn eftir húsnæði virðist hvergi meiri en í Vesturbæ Reykjavíkur.

Af þessu og öðru er ljóst að Vesturbærinn nýtur vinsælda. Þangað vill fólk flytja og þar vill fólk búa. Hvað veldur. Þótt Vesturbærinn virðist rúmur þá er hvergi á höfuðborgarsvæðinu þéttari byggð að finna. Vesturbærinn skartar ekki háhýsum eða fyrirferðamiklum byggingum sem skerða bæjarmyndina eða hefta útsýni. Óviða hefur tekist betur til um skipulag hvort sem litið er til eldra skipulags norðan Hringbrautar eða hins yngra sunnan hennar. Þjónustunetið í Vesturbænum er þétt. Stutt er í skóla og aðra þjónustu og margir viðkomustaðir eru í göngufæri auk þess sem skammt er niður í Miðborgina. Vissulega sker Hringbrautin sem er þjóðvegur í þéttbýli Vesturbæinn í tvo hluta og verkefni framtíðar er að finna lausn á því án þess þó að teppa nauðsynlega umferð á milli sveitarfélaga og borgarhluta. Það segir margt um Vesturbæinn að hann skuli vera lang vinsælasta borgarbyggðin.

Örfirisey

Eitt mesta uppgangssvæði í Vesturbænum er Örfirisey. Hvert fyrirtækið á fætur öðru hefur haslað sér þar völl. Um er að ræða stærri verslanir, bankastarfsemi, veitingastaði og síðast en ekki síst litlar verslanir og sprotafyrirtæki. Þetta á sér stað án þess útvegsstarfsemin hverfi og nú ber að fagna nýrri samþykkt borgarráðs um að finna olíutönkunum á eyjaroddanum aðra staðsetningu í framtíðinni. Fjölbreytnin ræður ríkjum og þarna nær ólík starfsemi saman í sátt og samlyndi. Enn er rými fyrir ýmsa starfsemi og vonandi eykst athafna- og mannlíf í Örfirisey á næstunni.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R



Nýjungar í úrgangsmálum

„Það er ekkert bruðl í úrgangsmálum í Reykjavík,“ segir Eygerður Margrétardóttir hjá Sorpu. Hún segir að borgarbúar hafi nú þegar pantað 1.700 grænar tunnur í Reykjavík en áætlanir gera ráð fyrir pöntunum upp á 4.000 tunnur á þessu ári. „Íbúar sjá þetta því greinilega sem ákjósanlegan kost,“ segir hún. Breyting vegna sorphirðu í Reykjavík gengur vel en hún felst í meiri þjónustu og lægra gjaldi fyrir heimili vegna íláta undir blandaðan úrgang. Auk þess er mögulegt að losna við meira magn af úrgangi en áður við heimili eða 281 lítra á viku í stað 253 lítra sem er til samræmis við flest önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu en síðustu ár hefur gráa tunnan verið losuð á 10 daga fresti í Reykjavík. Íbúar geta haft samband hafi þeir fyrirspurnir um hirðu í síma 411 1111 eða sent tölvupóst á netfangið sorphirda@reykjavik.is.



Borgarstarfs- menn hreinsuðu flugeldaleifar

Mikið af flugeldaleyfum lágu á víð og dreif um borgina eftir áramót og nýársglaðninga. Ýmsum fannst sóðalegt um að litast að morgni nýársdags eins og þessi mynd sem tekin var á Tómasarhaganum sýnir. Starfsmenn borgarinnar tóku til hendi og unnu að hreinsun og fólk var einnig hvatt til þess að henda þeim í ruslið svo þær grotni ekki niður þar sem skotið var upp í görðum, á götum eða opnum svæðum eins og kom fram í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Samið við Sjúkratryggingar

Reykjavíkurborg og Sjúkratryggingar Íslands hafa gert með sér nýjan samning til fjögurra ára um rekstur og framkvæmd heima-

hjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Árlegur kostnaður við samninginn nemur rúmum 1,3 milljörðum króna. Samningurinn er gerður á grundvelli fjárveitinga til verkefnisins og byggir að meginstofni til á fyrri samningi aðila, dags. 9. mars 2012. Reykjavíkurborg tekur að sér að reka heimahjúkrun sem samþætt er með rekstri félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík og myndar þannig eina heild gagnvart notendum þjónustunnar.

Hæð ofan á Bárugötu 30

Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofan á og klæða með bárujárnri einbýlishús við Bárugötu 30. Athugasemdir gerðu; Jón Gunnar húseigandi, Hildur S. Pálsdóttir f.h. húseigenda að Stýrimannastíg 6 dags. 7. júní 2015, Friðleifur Egill Guðmundsson f.h. Black sheep ehf, Ingvi Óttarsson og Dagrún Hálfdánardóttir, Gunnar Gunnarsson og Valva Árnadóttir. Ákvörðun hefur verið frestað og vísað til athugasemda samkvæmt bókun en fyrirhuguð stækkun hússins er upp á 134 rúmmetra.

Útisvæði við Frakkastíg 26A

Sótt hefur verið um leyfi fyrir 16 gesti við úriveitingaborð við Frakkastíg 26A og að bæta við snyrtingu fyrir gesti auk annarra smærri breytinga innanhúss og til að breyta brunahönnun.

Sýningarsalir og vinnustofur á Grandagarði 20

Sótt hefur verið um leyfi til breytinga sem felast í að innréttaðir verði sýningarsalir og vinnustofur á efri hæðum og veitingasalur á jarðhæð, komið er fyrir lyftu og nýjum aðalstiga og eldvarnarmálum komið í rétt horf, aðkoma og bílastæði verða frá Járnbraut í Marshall húsi á lóð nr. 20 við Grandagarð.

Veitinga- og menningarsalur í Hannesarholti

Sótt hefur verið um leyfi fyrir veitingastað í flokki II fyrir 45 gesti í sætum og rekstur salar fyrir menningartengda starfsemi, tónleika, fyrirlestra, fundahöld o.fl. fyrir 80 til 100 manns í Hannesarholti á lóð nr. 10 við Grundarstíg.

Ný efri hæð við Grettisgötu 18A

Samþykkt hefur verið leyfi til að fjarlægja efri hæð og endurbyggja við Grettisgötu 18A. Einnig að breyta inngangi, pöllum og tröppum, setja nýja glugga og breyta fyrirkomulagi innanhúss í einbýlishúsi á lóð nr. 18a við Grettisgötu.

Húsnæði fyrir jáeindaskanna

Sótt er um leyfi til að byggja hús fyrir jáeindaskanna og starfsemi tengda honum sem verður á lóð Landsspítalans við Hringbraut.

Matvöruverslun í Ingólfsstræti

Sótt hefur verið um leyfi til að innrétta matvöruverslun þar sem áður var verslun í húsinu á lóð nr. 5 við Ingólfsstræti. Ákvörðun hefur verið frestað og vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

Sótt um miklar breytingar á Skólavörðustíg 24

Sótt hefur verið um leyfi fyrir ýmsum breytingum, innan húss og utan, m.a. taka upp loft, færa inngang, breyta gluggum og hurðum og koma fyrir þakglugga í einbýlishúsi á lóð nr. 24 við Skólavörðustíg.

Veitingarekstur við Suðurgötu

Sótt hefur verið um leyfi fyrir aðstöðu til veitingareksturs í flokki II fyrir 49 gesti í skrifstofu- og félagsmiðstöð samtakanna 78 á 1. hæð í húsi á lóð nr. 3 við Suðurgötu.

Vilja hækka veggj við Tómasarhaga 51

Sótt hefur verið um leyfi til að hækka útveggi húss við Tómasarhaga 51 um 35 cm og þak bílskúrsins á þrjá vegu, þakhæð til suðurs verður óbreytt, borðarviðir þaks verði endurnýjaðir, þakhalli aukinn til samræmis við hækkun, þak einangrað og gengið frá brunavörn um milli eignarhluta bílskúrs á lóð nr. 51 við Tómasarhaga.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Vesturbæingar



Það er best að búa í Vesturbænum!

Frábær mæting á Þrettándahátíð Vesturbæjar

Mikill fjöldi var saman kominn á Þrettándahátíð Vesturbæjar laugardaginn 9 janúar sl. Eftir að hafa þurft að fresta hátíðinni um þrjá daga virtist það ekki hafa áhrif á fólk, þar sem það hefur sennilega aldrei verið eins vel mætt á brennu á þessum tíma.

Það spilar klárlega inni að veðrið var frábært og jafnframt var þetta á laugardagskvöldi. Líkt og undanfarin ár var byrjað með fjöldasöng við KR- heimilið undir stjórn Bjössa greifa, þar á eftir var gengið að brennunni við Ægisíðu. Eftir að búið var að kveikja í brennunni tók við flott flugeldasýning, en það voru KR flugeldar sem sáu um það. Svo naut fólk þess að vera saman við brennuna og líkt og undanfarin ár var mikið af erlendum gestum á svæðinu sem er bara alveg frábært.

Foreldrafélög grunnskóla Vesturbæjar og þjónustumiðstöð Vesturbæjar þakka kærlega fyrir skemmtilegt kvöld og einnig langar okkur að þakka þeim aðilum sem styrktu þessa hátíð með einum eða öðrum hætti. Frístundamiðstöðin Frostaskjól og KR fá einnig miklar þakkir fyrir hjálpa.



Glatt logaði í bálkestinum á þrettándahátíðinni í Vesturbænum.

Íþróttamaður ársins 2015

Eygló Ósk Gústafsdóttir

Lifestream tryggir árangur

- Orka sem endist daginn
- Mikil einbeiting
- Jafnvægi
- Velliðan

Yfir 100 lífræn næringaefni



Lífrænt

Lifestream vörurnar hafa reynst mér best, hef notað þær í tvö ár, hef mikið meiri orku, betra úthald, og heilsu til að takast á við allt álag, erfiðar æfingar og áskoranir. Laus við streitu og líður vel. Stefni ótrauð á Olympíuleikana 2016.



Hard Rock í Lækjargötuna



Iðuhúsið við Lækjargötu. Þar er fyrirhugað að opna Hard Rock veitingastað.

Hard Rock mun opna veitingastað í Iðuhúsinu í Lækjargötu. Forsvarsmenn Hard Rock hafa um nokkurn tíma hugað að opnun veitingastaðar á Íslandi og fyrr á árinu tryggði Birgir Þór Bielvedt einn eigenda Domino's Pizza, sér leyfi fyrir honum hér á landi. Hard Rock var um rekið um árabíl í Kringlunni. Það var Tómas Tómasson lengst af kenndur við Tommahamborgara sem opnaði staðinn og rak um árabíl en síðar varð hann hluti af Baugssamsteypunni.

Verslunin Iða sem verið hefur í Lækjargötunni í rúman áratug var með leigusamning þar og keyptu aðilar að baki Hard Rock sig inn í samninginn en leigusamningar kaffihússins Mezzo og pitsastaðarins, Sbarro, sem eru á eftir hæðinni renna út á komandi vori. Starfsemi Iðu er þó langt í frá hætt þótt hún fari úr Lækjargötunni. Iða er með bókabúð undir heitinu Iða Zimsen í gamla Zimsen húsinu í Grófinni og rekur einnig hina gamalgrónu bókabúð Máls og Menningar á Laugavegi 18.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Celsus ehf.
Fæst í apótekum, Græn heilsa, Krónunni, Hagkaup og Nettó.

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

Betri heimur byrjar ævinlega í heimabyggð

Gunnar Hersveinn heimspekingur og rithöfundur hefur vakið athygli fyrir bækur sínar og greinar þar sem hinn heimspeki- og siðferðislegi þáttur mannlífsins er gjarnan hafður í fyrirrúmi. Gunnar hefur einnig um árabíl staðið fyrir samræðum við almenning undir heitinu heimspekikaffi þar sem hann býður gjarnan til sín öðrum sérfræðingi, oftast konu, og leiðir ásamt henni spennandi umræður um hin ýmsu málefni. Gunnar hefur skrifað ljóðabækur og jafnframt bækur eins og Gæfuspor – gildin í lífinu, Orðspor – gildin í samfélaginu sem Forlagið gaf út og bókina Þjóðgildin sem fjallar um gildin sem þjóðin valdi á þjóðfundi eftir hrun. Á næstunni kemur út bókinn Hugskot – fram-, skamm- og víðsýni eftir hann og Friðbjörgu Ingimarsdóttur. Gunnar Hersveinn er alinn upp í Heima- og Vogahverfinu í Reykjavík en hefur búið í Vesturbænum lungann af fullorðinsárum sínum ásamt eiginkonu sinni Friðbjörgu Ingimarsdóttur framkvæmdastjóra Hagbenkis – félags höfunda fræðiritra og kennslugagna. Vesturbæjarblaðið settist niður með Gunnari á kaffihúsi á dögnum og tekið var tal saman.

Lærði að vera Vesturbæingur

Fyrst var imprað á því við hann hvort hann væri Vesturbæingur. „Ég er reyndar ekki fæddur í Vesturbænum eða uppalinn en hef búið þar síðan 1994 og tel mig því Vestbæing. Ég á rætur í Vesturbænum vegna þess að móðurafi minn flutti úr Hafnarfirði á Vesturgötuna. Hann hét Kolbeinn Ívarsson og starfaði sem bakari í Sveinsbakarí á Vesturgötunni. Móðri mín, Ingibjörg, fæddist á Sellandsstíg sem fékk síðar nafn af býlinu Sólvöllum og götuheitið Sólvallagata. Segja má að ég hafi lært að vera Vesturbæingur.“

Nafnið Hersveinn

Hersveinsnafnið best í tal og hvort Gunnar hafi tekið sér það sem millinafn eða höfundarnafn vegna þess að hann er best þekktur undir nafninu Gunnar Hersveinn. „Nei – ég var nefndur

Gunnar Hersveinn – Hersveinn í höfuðið á hinum afa mínum sem hét Hersveinn Þorsteinsson og var ættaður úr Borgarfirði en fluttist líkt og móðurafinn minn á Vesturgötuna, þó ekki í sama hús og við Friðbjörg sem búum í þessari ágætu götu. Ég er sá þriðji á landinu sem ber nafnið Hersveinn. Nú á ég frænda sem heitir Hersveinn og barnabarn sem heitir Oddur Hersveinn. Fjórðungi bregður til nafns stendur í íslenskum fornritum en þar sem nafn mitt merkir tvöfaldan bardagamann þá gat ég ekki orðið annað en friðarsinni. Nafnið mitt er fremur langt í heild því ég er Sigursteinsson (Hersveinssonar) og eftir að ég tók að birta ljóð og efni í blöðum sagði föðuramma mín, Margrét Árný, við mig „Gunnar Hersveinn er ágætt skáldanafn“ og því leyfi ég henni að ráða og hef ekki séð eftir því.

Við Friðbjörg höfðum eignast börnin þegar við höfum okkar samband en börn okkar beggja gengu í skólana í Vesturbænum; Vesturbæjarskóla, Melaskóla og Hagaskóla. Þau heita Særós Rannveig, Sigursteinn, Heiðdís Guðbjörg, Eyjólfur Ingi og Ragnheiður og barnabörnin heita Embla Margret, Oddur Hersveinn, Högni og Brynja.“

Vesturbærinn er góður staður til að búa á

„Já – ég þekki Vesturbæinn ágætlega. Eins og margir aðrir Vesturbæingar þá geng ég mikið og hjóla en maður fær allt aðra tilfinningu fyrir umhverfinu á þann hátt heldur en að fara allra sinna ferða í bíl sem takmarka borgar- og náttúrusýn við bílglugga. Ég hef líka mikla ánægju af hafnarsvæðinu og gaman að sjá alla þá uppbyggingu sem þar á sér stað. Útivera og hreyfing hefur lengi heillað mig og til viðbótar öðru förum við mikið í sund. Vesturbæjarlaugin er til fyrirmyndar en þaðan er skammt að fara út á Ægisíðuna til þess að fá sér göngu- eða hjólatúr– oftast þó á undan sundinu. Melabúðin og Pétursbúð eru í metum hjá okkur og gott að hafa Háskólasvæðið nærri, þangað sem ég fer meðal annars til að sækja fyrirlestra og annan fróðleik. Vesturbærinn og Seltjarnarnes eru innan okkar hrings sem og Óskjuhlíð og Nauthólsvík. Þetta eru heillandi svæði



Gunnar Hersveinn.

og það eru mikil lífsgæði fólgin í að búa í Vesturbænum báðu megin Hringbrautar og sérstaklega í gamla Vesturbænum rekst maður oft á ýmislegt ófyrirsjáanlegt ef litið er vel í kringum sig. Kvosin á sér langa sögu og Vesturgatan var eiginlega fyrsti stígurinn út frá henni og kallaðist Stígurinn eða Hlíðarhúsastígur í byrjun eftir býlinu Hlíðarhúsum.“

Hug- og félagsvísindi heilla

Gunnar segir að þótt hann sé orðinn svona gróinn Vesturbæingur þá hafi hann áhuga á allri borginni, uppbyggingu hennar og sögu. „Mér finnst um margt vel hafa tekist til í Reykjavík. Ég get nefnt Breiðholtið sem dæmi, en ég hef reyndar alltaf átt leið þangað á lífsleiðinni. Ég stundaði kennslu um tíma í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og á undanfórnum árum hef ég verið með Heimspekikaffi í Gerðubergi en það eru stuttir fyrirlestrar og hugleiðingar um gildin í lífinu og samræður við gesti um heimspekilega hugsun.“

Og þá er komið að þeim þætti í lífi Gunnars sem hann er hvað þekktastur fyrir. Það má kalla störf sem snúast um að vekja fólk til umhugsunar um hvers konar líferni er eftirsóknarvert en þar er heimspekin í fyrirrúmi og hann skrifar greinar, flytur erindi og skrifar bækur í því augnamiði. En hvað kom til að hann snéri

sér að heimspekinni. „Ég er hug- og félagsvísindamaður og get vart valið á milli greina. Ég hóf að loknum framhaldsskóla nám í sálfræði sem síðan leiddi til þess að ég fór að lesa heimspeki. Þetta varð til þess að heimspekin og siðfræðin urðu ofan á og urðu aðalnámsgreinar mínar. Heimspekin hefur verið mitt aðaláhugamál síðan ég kynntist henni, ásamt fjölmiðlafræði sem ég lærði einnig og loks ég fór að lesa mér til í kynjafræði sem ég hef mikinn áhuga á – þau færa manni ansi skörp gleraugu á nefið. Ég hef starfað sem kennari, blaðamaður og rithöfundur og ég starfa fyrir Reykjavíkurborg og kenni eitt námskeið í Listaháskóla Íslands. Segja má að ég sé alltaf að glíma við spurningar og að leita að svörum en ég hef ennfremur löngun til að miðla efninu til annarra og fá fólk til að pæla í hlutunum með mér og öðrum.“

Að mynda sér eigin skoðun

En vantar ekki meiri heimspekilega umræðu í samfélagið – ekki aðeins í stjórnmálin heldur í alla hina mannlegu umræðu sem fer fram og er ekki faguð á köflum. Og er ef til æskilegt að gera heimspeki að skyldunámsgrein í framhaldsskólum? Að kenna fólki að ræða um lífið og tilveruna áður en það heldur út í lífs hinnar fulltíða manneskju? Gunnar tekur undir þetta og

segir æskilegt fyrir umræðuna hér á landi að kenna listina að ræða saman og æfa fólk í að skiptast á skoðunum. „Mér finnst skortur á löngun til að komast að sameignlegri niðurstöðu einkenna umræðuna hér á landi. Fólk er oft ekki að ræða saman á sömu forsendum. Á meðan einn talar um efnahagsmál svarar annar ef til vill með því að ræða um fagurfræði. Spurningin um hvort gildi fegurðarinnar eða gildi efnahags vegi þyngra á fullan rétt á sér, ef ætlunin er að breyta tilteknum stað. Við þurfum æfingu og menntun til að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Við höfum til dæmis stjórnmalaskoðanir, siðferðilegar skoðanir, trúarskoðanir, söguskoðanir og skoðanir á fólki, löndum, stöðum og einstökum fyrirbærum. Engar skoðanir eru heilagar og við þurfum að gera ráð fyrir því að hafa rangt fyrir okkur. Það er skylda manns að leggja sig í framkróka við að öðlast heillavænlegar skoðanir og leita að góðum og gildum rökum fyrir þeim. Ekki taka bara upp skoðanir annarra heldur prófa þær og máta og mynda sér eigin skoðun. Sókrates sagði að ef fólk kæmi sér saman um hvað hugtökin sem þeir ætluðu að nota í samræðunni mætti koma í veg fyrir misskilning. Það sama má segja um rökin. Þeir sem tala á opinberum vettvangi þurfa að hafa það sem öðsta boðorð að vera sanngjarnir sem merkir um leið það sem ekki má: eða ekki rugla umræðuna viljandi, ekki segja bara hálfan sannleikann, ekki gefa eitthvað í skyn sem á sér enga stoð.“

Heimspekikaffi til að efla umræðu um gildin

„Menningarhúsið Gerðuberg í Breiðholti hefur boðið upp á heimspekikaffi frá árinu 2011 í samstarfi við mig. Það hefur tekist mjög vel og ég hef alltaf fengið góða gesti til þess að vera með mér sem hefur mælst vel fyrir. Þannig er gott að skapa umræðu. Það er magnað að sjá hvað margir hafa áhuga og vilja koma og ræða hugtök eins og þakklæti, vináttu, hamingju, nægjusemi eða þá tímahugtakið, frelsið, kærleikann, feminisma og gildin í náttúrunni og fleira og fleira. Á vormisseri 2016 ætlum við að ræða samband hugsunar

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30

Friðbjörg Ingimarsdóttir og Gunnar Hersveinn á gangi á Vesturgötunni skammt frá heimili sínu.


og heilsu út frá læknisfræði og heimspeki, manngerðir og mannlysingar, hamingju og húmor og staðalímyndir og samfélag.“

Gunnar tekur undir það að gaman væri að vera með heim-
spekikaffi í hverju borgarhverfi
en segir að í Gerðuberg hafi fólk
komið úr öllum borgarhlutum
og öðrum byggðum höfuðborg-
arsvæðisins. Enda eru allir
velkomnir og aðgangur ókeypis
en það er Borgarbókasafn Reykja-
víkur sem býður borgarhúsum
upp á þessar samræður. „Við
erum alltaf með umræðuspurn-
ingar á borðum og markmiðið
er að láða fram vísu hópsins
og halda svo áfram að tala um
málefnið næstu daga heima við
og eða í vinnunni.“

Hugskot – skamm-, fram og víðsýni.

Og nú er ný bók á leiðinn? „Já

ætulunin er að út komi bók hjá IÐNÚ í febrúar eða mars. Hún nefnist Hugskot – skamm-, fram- og víðsýni og er um gagnrýna hugsun, flokkanir, staðalímyndir, fordóma, jafnrétti, friðarmenningu og borgaravitund. Þetta er handbók fyrir þá sem vilja taka þátt í baráttunni fyrir farsælu lífi á jörðinni öllum til handa, þá sem vilja efla umræðuna og skapa betra samfélag. Ef til vill má segja að hugtakið gagnrýnn borgari lýsi einna helst umfjöllunarefni bókarinnar. Markmið bókarinnar er að efla kunnáttu og færni lesenda í að beita gagnrýnni hugsun og að greina sitt eigið hugskot, ímyndir, fordóma, texta og skilaboð í samfélaginu. Efnid miðar að því að verða læs á samtímann til að geta orðið öflugur borgari sem finnur til ábyrgðar og tekur þátt í mótun samfélagsins og þorir að mótmæla óréttlæti. Ég held að



Hér er mynd úr bókinni Hugskot - skamm-, fram- og víðsýni.
Teikningin er eftir Sirrý Margréti og fjallar um staðalímyndir

það sé mjög mikilvægt að miðla efni og efla umræðu um til dæmis staðalímyndir, því þær hafa svo mikil áhrif jafnvel á líf og kjör einstaklinga. Við höfum safnað mörgum dæmum um staðalímyndir og segjum frá þeim í bókinni, einnig um jafnréttismál og friðarmenningu sem ég hef mikinn

áhuga á. Flottar teikningar eru í bókinni eftir Sirrý Margréti.“

Þjóðin batnar sjálf ef hún gefur öðrum

Gunnar Hersveinn hefur skrifað pistla í blöð og á vefinn í mörg ár. Hann skrifaði til dæmis

vinsæla pistla í Morgunblaðið um siðfræði. Hann skrifar um þessar mundir blogg fyrir fjölmíllinn Stundin og eru þeir birtir undir á vefnum www.stundin.is, þar skrifaði hann um daginn um hvernig samliðun þjóðar getur á örlagastundu skipt máli, jafnvel öllu máli og geta breytt stöðunni til betri vegar. „Það er feikilega mikilvægt að borgarar þessa lands efla og rækti með sér þau gildi sem auka mannréttindi í heiminum, eins og virðingu og samliðun. Það er áhugavert að sjá þegar samliðun sprettur fram hjá þjóðinni og hefur áhrif á atburðarásina eins og þegar albönskum langveikum börnum var vísað úr landi ásamt fjölskyldum sínum. Ég myndi segja að það hafi verið sterk samliðun eða samkennd þjóðarinnar sem leiddi til þess að snúið var af rangri leið og inn á rétta leið sem var að veita þeim íslenskum ríkisborgararétt. Það eru einmitt gildi eins og samliðun, virðing, friðsemd hugrekki, gleði og nægjusemi sem ég vil skrifa um því ég veit að ef þjóðin eflir þessi gildi með sér þá hefur hún meira að gefa öðrum þjóðum sem þurfa á því að halda. Tilgátan mín er að „ef samfélag gefur öðrum þjóðum af gnægð sinni, þekkingu og hugviti með það að markmiði að bæta heiminn – batnar það sjálft, en þetta markmið næst aðuðvitað ekki nema verkið hefjist í heimabyggð – í Vesturbænum. Önnur tilgáta sem ég fylgi í lífinu hljómar svona: það er sköpunargáfan sem stendur næst kjarna alheimsins, linnulaus sköpun og endursköpun. Ef við eflum og ræktum sköpunargáfuna, erum forvitin og skapandi, þökumst við nær hamingjunni,“ segir Gunnar Hersveinn.

Skrúður & Mímisbar

HAPPY HOUR

ALLA DAGA 16.00–18.00

Á Mímisbar er gott að tylla sér niður í góðra vina hóp, spjalla, vinna verkefni eða slaka á yfir drykk.

**Vertu vinur okkar á facebook
og fylgstu með viðburðum á döfinni,
lifandi tónlist og öðru skemmtilegu.**

**Matseðill með úrvali af réttum í boði
alla daga frá 12.00–22.00 á Mímisbar
og í Skrúði.**



**FRÍTT
WiFi**



Fluglest gæti farið af stað árið 2024

Vonast er til að lokið verði við gerð samstarfssamnings vegna byggingu fluglestar fyrir lok janúar og að verkefnið komist af stað í febrúar. Fyrsta árið sem hraðlest gæti gengi milli Keflavíkur og Reykjavíkur er gert ráð fyrir að seldir verði allt að 4,5 milljónir farmiða, sem skila myndu 13,5 milljörðum króna í tekjum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Ráðgjafar og verkefnastjórnunar um verkefnið. Vesturbæjarblaðið hitti Runólf Ágústsson að máli á dögunum sem hefur að undanfögnu stýrt undirbúningsvinnu við þetta verkefni. Fyrstu spurningarnar sem lagðar voru fyrir Runólf voru hvað sé nýtt á döfnni og hvort hraðlestin sé að færast nær.

„Já – hún er að færast nær því ljóst er að um arðsamt verkefni er að ræða sem einkaframkvæmd. Innri vextir eigin fjár eru um 15% sem þurfa að vera til þess að fá fjárfesta til þess að leggja fé í svona áhættusamt verkefni. Þetta verkefni er einnig samfélagslega hagkvæmt.“ Runólfur vitnar í sjálfstæða úttekt sem Reykjavíkurborg lét gera á síðasta ári. „Út úr þeirri úttekt kom að samfélagslegur ávinningur af fluglest yrði á bilinu 40 til 60 milljarðar króna ofan á þann fjárhagslega ávinning sem af henni myndi hljótask. Þessi samfélagslegi ávinningur felst fyrst og fremst

í tímasparnaði. Þessi lest mun verða um 18 mínútur frá Leifsstöð niður á endastöð á BSÍ reitnum í Vatnsmýrinni með einu stoppi í suðurhluta höfuðborgarsvæðisins sem ekki hefur enn verið skoðað hvar hentugast gæti verið. Þetta er mikil breyting frá því að vera á bilinu 45 til 60 mínútur að fara þessa leið í bíl. Í öðru lagi felst umtalsverður umhverfissparnaður í rekstri lestarinnar vegna þess að draga mun verulega úr losun kolefnis auk þess sem lestar eru mun öruggari fararmáti en bílar og því myndi mikill sparnaður verða til í öryggismálum. Ofan á þetta leggst síðan ávinningur í því að færa vinnumarkaðinn á Suðurnesjum saman við vinnumarkaðinn á Höfuðborgarsvæðinu með breyttum og bættum samgöngum.“

Ekkert opinbert fjármagn - fargjöld greiða kostnaðinn

Runólfur segir að fargjöld eiga að standa undir þessu og það verði ekki farið fram á að nota opinbert fjármagn í þetta verkefni. „Þótt Íslendingar komi til með að nota þennan samgöngumöguleika þá verða það fyrst og fremst erlendir ferðamann sem standa undir framkvæmdinni. Við erum með um 1,3 milljónir ferðamanna á þessu ári og gert ráð fyrir að árið 2024 þegar lestin

gæti farið af stað verði fjöldi ferðamanna kominn í um 2,5 milljónir á ári og þá erum við að miða við frekar varfærnar spár.“

Fjórtán kílómetra jarðgöng

„Næstu skref sem stíga þarf á árinu 2016 er að ná samkomulagi við sveitarfélögin og um leið og það er fengið er hægt að fara í að ljúka fjármögnum verkefnisins – þessum fyrsta hluta þess sem verði unnin á næstu þremur árum,“ segir Runólfur. „Þar er á ferðinni kostnaður upp á um 1,5 milljarð sem lýtur að vinnu við skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og rannsóknir sem verður dýrasti þáttur þessara þriggja. Átlunin er að gera 14 kílómetra löng jarðgöng undir Höfuðborgarsvæðið. Því þarf að bora tilraunaboranir á allri þeirri leið til þess að hægt sé að lesa jarðlögin algerlega í gegn og lágmarka alla jarðfræðilega áhættu. Þetta kallar á mjög dýrar rannsóknir en ég held að reynslan segi mönnum að í sambærilegum gangaframkvæmdum hér á landi þá borgi sig ekki að vanrækja þann þátt. Reykjavík stendur að miklu leyti á grágrýti sem þykir henta vel til gangagerðar og að því leyti er þessi gangagerð sambærileg við Hvalfjarðargöngin. Aðaláhættan liggur þó í jarðfræðinni og nauðsynlegt er að eyða henni út og það sem við erum að vinna að núna er að fá heimildir hjá sveitarfélögunum til þess að lágmarka jarðfræðilega og skipulagslega áhættu sem verkefninu er samfara.“

Stærsta einkaverkefni sögunnar

Runólfur segir eitt af því sem geri þetta verkefni áhugavert sé hversu allt er opið og margir ólíkir og fjölbreytilegir þættir komi saman. „Við þurfum að ná inn allri þeirri þekkingu sem við þurfum í verkefnið. Því hafa mjög margir komið að þessu. Við fengum fjárhagsstuðning bæði frá Reykjavíkurborg og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og einnig Ísavia sem hefur látið okkur ýmis gögn í hendur. Aðrir sem lagt hafa verkefninu til fjármagn og vinnuframlag eru Landsbankinn þar sem fyrirtækjaráðgjöf bankans hefur sé um viðskiptagreininguna í verkefninu. Efla og Ístak hafa séð um hinn verkfræðilega þátt og hvernig eigi að ná utan um framkvæmdina. Kadeco þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur komið þarna inn og átti strax mikinn þátt í að þetta verkefni fór af stað. Þá má einnig nefna Reiti fasteiganfélag ásamt Deloitte. Við höfum einnig átt gott samstarf við ýmsa erlenda aðila. Við höfum í tvígang sótt ársfundi samtaka fluglesta og komist þar í samband við eigendur og rekstraraðila sambærilegra lesta. Fyrir okkur sem höfum unnið að þessu hefur þetta ferli verið mikið lærdómsferli vegna þess að hér var mjög takmarkaða þekkingu að finna á þessum málum. Annað sem gerir þetta verkefni sérstakt er að það er hugsað sem hrein einkaframkvæmd en fólk virðist ekki vera vant þeirri hugsun. Kosturinn er að við erum að búa til mjög stórt innviðaverkefni upp



Runólfur Ágústsson.



Leiðin sem fluglestin gæti farið á milli Keflavíkurflugvallar og Vatnsmýrarinnar í Reykjavík. Brotnalína sýnir þann hluta leiðarinnar sem hún myndi fara í jarðgöngum eða um 14 kílómetra.



Á þessa leið gæti fluglestin litið út. Myndin er af Flygtoget sem fer á milli Osló og Gardemoen í Noregi.

á um 105 milljarða sem er stærsta einkarekstrarverkefni sögunnar - verkefni sem ríkið kemur hvergi að málum með öðrum hætti en að veita almennar heimildir.

Framtíð þess veltur því á tvennu: Að sveitarfélögin og hið opinbera heimili framkvæmdina og síðan fyrst og fremst tiltrú fjárfesta.“

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
VORNAÐSKEIÐ 2016

SKRÁNING HAFIN

Ný námskeið á vorönn fyrir börn og unglinga

4–6 ára Börn og foreldrar

6–9 ára Listsköpun í listasafni

13–16 ára Teikningin tekin lengra

13–16 ára Svart-hvít filmuljósmyndun

13–16 ára Kvikmyndagerð – fundið efni

13–16 ára Leir og gísmót – leikur að formum

13–16 ára Leirmótun og rennsla

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

www.myndlistaskolinn.is • sími: 5511990 • Hringbraut 121, 101 Reykjavík

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.

EIGNAumsjón

www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Vinna hefst við Marriothótelið við Reykjavíkurhöfn

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við Marriot Edition hótelið sem rísa á Austurhafnarsvæðinu hefjast í vetur eða í vor. Gengið hefur verið frá samningum jarðvinnuverktaka

Gert var ráð fyrir að framkvæmdir myndu hefjast við bygginguna þegar síðasta haust en þeim áætlunum var síðan frestað fram í janúar á þessu ári. Þrátt fyrir þá tölur er gert ráð fyrir því í áætlunum að takist að vinna hann upp og að nýtt hótél verði opnað á vordögum 2018.

Það er bandaríska fasteignafélagið Carpenter & Company sem keypti byggingarréttinn fyrir hótelið á Austurbakka 2 við Reykjavíkurhöfn en auk hótelsins verður byggt íbúðarhúsnæði og húsnæði fyrir verslanir á nærliggjandi lóð. Á vef Mannvits kemur fram að heildarfjárfesting verkefnisins sé áætluð



Líkan af fyrirhuguðu hóteli.

Mynd: Heimasíða Mannvits.

um 14 milljarðar króna. Um 250 herbergi verða í hótelinu auk 90 íbúða og verslana í þeim fimm byggingum sem reistar verða í nágrenni þess. Gert er ráð fyrir

því að framkvæmdin skapi ríflega 200 ný störf og að um 150 starfsmenn vinni á hótelinu sjálfu þegar það er komið í rekstur.

Vegan skyndibiti í Vesturbænum

Bike Cave er óvenjulegur og skemmtilegur veitingastaður í Skerjafirðinum og þar er einstaklega notalegt andrúmsloft. Eigendurnir hafa það að leiðarljósi að bjóða upp á góðan og umfram allt ódýran mat fyrir fólk sem er á ferðinni.

Margir koma hjólandi eða gangandi en þeir sem eru á bílum þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að fá ekki stæði fyrir bílinn því nóg er af þeim í nágrenninu. Kaffið er rómað af þeim sem þekkja og verðinu stillt í hof.

Frá upphafi hefur verið hægt að fá grænmetisborgara í Bike Cave og vegan-fólk/grænmetisætur hafa tekið því fagnandi enda leitun að skyndibitastað sem býður upp á „all vegan“ rétti á matseðli. Hægt er að fá 2 tegundir af grænmetisborgurum og hinar ljúffengu Dehli koftas grænmetisbollur. Þá eru í boði 4 tegundir af frönskum sem hefur glatt marga, svo ekki sé nú minnst á heimagerðu bernaisesósuna sem allir eru að tala um.

Það er opið í Bike Cave alla daga frá 9-23 og allt á matseðli er hægt að fá í „takeaway“, símanúmerið 770-3113 og www.bikecave.is



Hafnartorg á milli Hafnarstrætis og Sæbrautar

Lagt hefur verið til að kalla reitinn á milli Hafnarstrætis og Sæbrautar og gegnt Arnarhóli Hafnartorg.

Á reitnum verða 80 íbúðir, sjö þúsund fermetrar af skrifstofurými og 8 þúsund fermetrar af verslunarrými. Byggingarmagnið verður samtals 30.000 fermetrar.

Á reitnum verður bílajakallari með þúsund stæðum.

Líkan af fyrirhuguðum byggingum vestan Hörpunnar.



Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188 & 895 8298



Liðleiki & líkamsvíska!



MÖNTRU ARMBÖND!

Silfruð, gyllt. & rósagull.

NÝ SENDING KOMIN TIL LANDSINS.



3=5 af SÓLEY ORGANICS!

Keyptu 3 og fáðu 2 FRÍTT eða á sama verði.

Aðeins í Systrasamlaginu.



MANDUKA er drottningin!

Manduka PRO og eKO jógaðýnur í mörgum litum og stærðum. Allskyns jóga fylgihlutir.



VIRIDAN – 20% afsl. til 23ja jan!

Vítamín, jurtir og bætiefni af bestu gerð.

Heilsuvörumerki ársins í Bretlandi!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16

1



Grandagarði 3
Sími: 552 9940

2



hjólaverkstæði og verslun
Grandagarði 5-7
Sími: 534 9164

3



Grandagarði 9
Sími: 517 3131

4




Grandagarði 11
Sími: 517 3130

5



Grandagarði 19
Sími: 571 1701



11



Grandagarði 2
Sími: 571 8877

12



Grandagarði 8
Sími: 571 0960

13



Grandagarði 8
Sími: 862 9010

14



Grandagarði 8
Sími: 456 4040

15



Grandagarði 10
Sími: 551 5932

6



Gallerý - vinnustofa
facebook.com/Sifka

Grandagarði 25
Sími: 863 1336

7



Grandagarði 27

8



Grandagarði 29
Sími: 519 7989

9



Grandagarði 31
www.jens.is

10



Grandagarði 35
Sími: 551 8400



Fyrirtæki og þjónusta á Grandanum

16

**CAFÉ
RETRO EHF**

Grandagarði 14
Sími: 456 4000

17



Grandagarði 16
Sími: 571 0822

**Fjölbreytt
þjónustufyrirtæki
á Grandanum!**

Myndlistarskólinn í Reykjavík:

Unga fólkið í fókusi

Unglingar eru sá nemendahópur sem hvað mest er í brenni-depli hjá Myndlista-skólanum í Reykjavík á vorönn. Boðið er upp á 5 ný námskeið fyrir aldurshópinn 13 til 16 ára þar sem mið verður tekið af áhugamálum nemendanna sjálfra.

Á námskeiðinu Teikningin tekin lengra fá nemendur tækifæri til að vinna á fjölbreyttan hátt með teikninguna s.s. að búa til bækur og veggspjöld eða prenta á föt og aðra hversdagslega hluti. Í kvikmyndagerðinni læra nemendur helstu tækni í kvikmyndavinnslu, s.s. klippingu og hljóðvinnslu og verður fyrst og fremst unnið með efni sem sótt verður á netið. Í ljósmyndun er kennt á gamaldags filmuvélar og unnið með svart-hvítar myndir í myrkrakerbergi. Í leirmótun og rennslu er áherslan lögð á að búa til nytjahluti og læra nemendur bæði að handmóta leirinn og renna hann á rennilökk. Í leir og gísmótagerð læra nemendur að taka mót og verður unnið með hversdagsleg fyrirbæri, búnar til afsteypur og ólíkum hlutum stefnt saman í þrívíðum verkum.

Ennfremur er boðið upp á tvö ný námskeið fyrir yngri börn. Námskeiðið Listsköpun á listasafni er 6 vikna námskeið fyrir 6-9 ára börn sem haldið er í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur. Námskeiðið fer fram í húsum Listasafnsins og verður unnið út frá sýningum safnsins. Hitt námskeiðið, Börn og foreldrar er ætlað 4-6 ára börnum og foreldrum þeirra eða fullorðnum félögum. Það stendur sömuleiðis í 6 vikur og er kennt á laugardögum.



Tíundu bekkingar lásu fyrir leikskólabörn

Nemendur í 10. bekk Hagaskóla sömdu og myndskreyta sögur og lásu fyrir nemendur í leikskólum í hverfinu á aðventunni skömmu fyrir jól.

Leikskólalesturinn er einn af hápunktum skólaársins hjá nemendum í 10. bekk og alltaf skapast skemmtileg og falleg stemning og sérstakar tengingar þar sem allir njóta sín. Sögurnar eru af ýmsum toga en þær eru settar saman af hópum í hverjum bekk þannig að hver bekkur fer með fjórar til fimm sögur í einn leikskóla. Þetta er orðin hefð í skólastarfinu og undanfarin ár hafa nemendur í Hagaskóla farið í leikskólana og lesið á degi íslenskrar tungu en vegna anna á þessari haustönn var ákveðið að tengja uppákomuna við aðventuna og hafa því nemendur farið og lesið fyrir leikskólabörn.



Sýnishorn af barnabókagerð nemenda 10. bekkjar.

Hljóðheimar í frístund í Landakotsskóla

Hljóðheimar er námskeið sem börnum býðst í frístundastarfi Landakotsskóla. Á námskeiðinu gera börnin tilraunir með hljóðfæri, læra að hlusta eftir áhugaverðum hljóðum í umhverfinu og að skapa tónlist með hverju sem er.

Nemendur í 6. og 8. bekk sóttu í smíðu Ásgeirs Trausta og fluttu lagið Leyndarmál í samsöng, föstudaginn 11. desember 2015. Drengir í 8. bekk útsettu lagið og léku undir söng drengja í 6. bekk. Hægt er að hlusta á flutninginn á vef skólans.



BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GRÓFINNI



BÓKIN HEIM

Við komum til þín ef þú kemst ekki til okkar. Heimsendingaþjónustan BÓKIN HEIM er ætluð þeim sem ekki komast í safnið vegna aldurs eða fötlunar.

Upplýsingar og skráning í síma: 411 6100 eða borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

Leigðu og eigðu list

NÝ VERK!

ARTOTEK

Tryggvagötu 15



Borgarbókasafnið | Tryggvagata 15 | Sími 411-6100 | borgarbokasafn@reykjavik.is | www.borgarbokasafn.is

Velkomin á yoganámskeið í Galleri Vest

Hagamel 67

Yoga hentar öllum aldurshópum

Þriðjudagar morgunyoga kl. 6-7.

Fimmtudagar morgunyoga kl. 7-8

Fimmtudagar kvöldyoga kl. 20-21

Leiðbeinendur eru: Estrid Thorvaldsdóttir og Kristján Baldursson

Upplýsingar í sínum: 8923305 og 8664281

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Námskeið í boði hjá Hringsjá

Hringsjá býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

TÁT - Tök á tilverunni

Þjargráð og færni í að takast betur á við daglegt líf og hindranir sem upp koma.

ÚFF - Úr frestun í framkvæmd

Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu.

Í Fókusi - Að ná fram því besta með ADHD

Eykur skilning á ADHD (athyglisbrest/öfyrirvirkni) og hvernig hægt er að ná betri tökum á ADHD.

Minnistækni

Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Hentar þeim sem eiga við gleymsku eða skert minni að stríða.

Sjálfstyrking

Styrkir nemendur í að tjá sig, sýna öruggari framkomu og almennt vera til!

Tölvur 1

Námskeiðið er ætlað byrjendum, sem vilja fá góðan grunn í tölvunotkun til að geta nýtt tölvuna sér til gagns og gamans.

Tölvur 2

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa notað tölvu í einhverri tíma en vilja ná betri tökum á algengum vinnuforritum.

Námskeið Hringsjár standa alveg sjálfstæð sem endurhæfingarárræði, en góð ástundun á námskeiðunum er ein forsenda þess að lengri tíma úrræði standi til boða.



Einn af þeim mörgu sem hafa nýtt sér endurhæfingu hjá Hringsjá er Kristján Jónsson. Hann sótti námskeið og nám hjá Hringsjá og útskrifaðist vorið 2014. Honum hafði verið bent á sem endurhæfingarárræði að fara á tölvunámskeið í Hringsjá.

Í viðtali í Fréttatímanum sagði hann, "Mér fannst svo gaman að ég fór í kjölfarið á minnisnámskeið þar. Eftir þessi tvö námskeið var ég farinn að átta mig á því að ég gæti alveg verið í skóla. Það hafði lengi verið draumur en mér fannst ég ekki eiga heima þar. Ég sá að ég gat alveg lært. Þetta er eitt það skemmtilegasta verk-efni sem ég hef tekið mér fyrir hendur. Maður kemur syngjandi þaðan út."

Eftir námskeiðin fór Kristján síðan í 3ja anna náms- og starfs-endurhæfingu hjá Hringsjá. Samhliða endurhæfingu var Kristján í Tækniskólanum og hefur nú lokið sveinsprófi í málaraíðn.



Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Upplýsingar og skráning í síma 510 9380 eða á staðnum að Hátúni 10d.

Heimasíða: www.hringsja.is
Netfang: hringsja@hringsja.is
Facebook: facebook.com/hringsja

Ný verslunargata á Austurbakka

Ný verslunargata verður til í miðborginni með uppbyggingu á reitum I og II við Austurbakka, milli Tryggvagötu og Geirsgötu. Götunni hefur ekki verið gefið nafn, en teikning af henni hafa þegar birst í fjölmiðlum.

Alls er gert ráð fyrir að sjö byggingar verði byggðar á reitnum og að þær verði allt að sex hæðir. Gert er ráð fyrir að hönnun tveggja þeirra muni bera merki gömlu pakkhúsanna, sem svo voru nefnd.



Hátt verð á fasteignum í Vesturbænum

Verulegur verðmunur er á íbúðaverði á Vesturbæ Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi. Ólafur Finnbogason fasteignasali hjá Mikluborg nefnir nýleg verðdæmi við blaðið þar sem 125 fermetra íbúð á Högunum með bílskúr seldist á rétt undir 50 milljónum og komust færri að en vildu. Á sama tíma var íbúð í Tjarnarbóli, sem var mikið endurnýjuð og jafn stór með bílskúr seld á 42 milljónir. Sambærileg íbúð auk bílskylis á Grandanum seldist á 43 milljónir á meðan íbúð af sömu stærð á Austurströnd seldist á 37 milljónir. Ólafur bar ekki saman verð á íbúðum í Vesturbænum við aðra borgarhluta en þessar tölur eru til marks um hátt fasteignanverð í þessum borgarhluta



Ólafur Finnbogason fasteignasali hjá Mikluborg

Ólafur segir muninn á fasteignaverði milli Seltjarnarness og Vesturbæjar vera meiri í sérbýlum og hæðum en þar eru dæmi um 130 fermetra hæðir með bílskúr sem seljast á 20 milljónum meira Vesturbænum en á Seltjarnarnesi og að svipaður verðmunur sé á raðhúsi á Grandanum og sambærilegu húsi á Ströndunum á Seltjarnarnesi. Ef horft er á þróun fasteignaverðs eftir svæðum segir Ólafur fasteignaverð á Grandanum, sem hafi verið töluvert lægra en á Eiðistorgi, Austurströnd og Tjarnarbóli, orðið töluvert hærra. „Fasteignaverð í fjölbýlishúsum við Mela og Haga eru síðan töluvert hærra en á Granda og á Nesinu að undanskildum nýbyggingum,“ segir Ólafur.

Sambærilegt verð fyrir rúmum áratug

„Þegar ég hóf störf við fasteignasölu fyrir rúmum 12 árum þá var fasteignaverð nánast það sama á Seltjarnarnesi og Vesturbæ Reykjavíkur,“ segir Ólafur Finnbogason, löggiltur fasteignasala á Mikluborg. Ólafur segir að fasteignaverð hafi verið svipað á Seltjarnarnesi og Vesturbænum allt fram til 2007. „Svo komu nokkur ár í röð þar sem verð fasteigna á Seltjarnarnesi stóð nánast í stað og sérstaklega verð á sérbýlum. Fasteignaverð hækkaði lítillega í Vesturbænum á sama tíma en eftir 2011 hefur fasteignaverð hækkað mikið og eru notaðar íbúðir í Vesturbæ Reykjavíkur að seljast á sama verði og nýjar íbúðir til að mynda á Skerjabraut og Hrólfskálamel á Seltjarnarnesi.“



TAKK FYRIR
AÐ FLOKKA

Græn tunna fyrir plast

Nú bjóðum við borgarbúum upp á græna tunnu undir plast til að auðvelda flokkun.

Með flokkun eykst endurvinnsla plasts og magn urðaðs úrgangs minnkar – okkur öllum til hagsbóta.

Gjald fyrir græna tunnu verður 8.400 krónur á ári og verður hún losuð á 21 dags fresti líkt og bláu tunnurnar. Borgarbúar sem ekki kjósa græna tunnu hafa val um að koma plasti sjálfir á næstu grenndar- eða endurvinnslustöð og spara sér gjaldið.

NÝ SPARTUNNA. Með aukinni flokkun minnkar blandaði úrgangurinn. Þess vegna kynnum við til sögunnar nýja spartunnu. Hún er mjórri en sú hefðbundna gráa og tekur 120 lítra í stað 240 og verður losuð samhliða hefðbundnu gráu tunnunum á 14 daga fresti frá áramótum.

Nokkur dæmi um hvernig breytt tunnusamsetning hefur áhrif á gjöldin:

EINBÝLI

1 GRÁ + 1 BLÁ = 37.780 kr. á ári.

1 SPARTUNNA + 1 BLÁ + 1 GRÆN = 36.680 kr. á ári.

1 SPARTUNNA + plasti og pappír skilað á grenndar- eða endurvinnslustöðvar = 18.780 kr. á ári.

LÍTID FJÖLBÝLI (6 íbúðir)

6 GRÁAR = 29.280 kr. á ári pr. íbúð

4 GRÁAR + 2 BLÁAR = 25.013 kr. á ári pr. íbúð

3 GRÁAR + 2 BLÁAR + 2 GRÆNAR = 24.263 kr. á ári pr. íbúð

FJÖLBÝLI (20 íbúðir)

17 GRÁAR = 26.085 kr. á ári pr. íbúð

15 GRÁAR + 5 BLÁAR = 26.080 kr. á ári pr. íbúð

10 GRÁAR + 5 BLÁAR + 5 GRÆNAR = 22.855 kr. á ári pr. íbúð

Allar upphæðir eru samkvæmt fyrirliggjandi drögum að gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2016.

Hvernig samsetning hentar þér?

Þú getur pantað græna tunnu eða spartunnu og gert aðrar breytingar á þinni tunnusamsetningu með einu símtali við þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411 1111 eða með tölvupósti á sorphirda@reykjavik.is.

Nánari upplýsingar um allt sem lýtur að sorphirðu og flokkun er að finna á www.ekkirus.is



Reykjavíkurborg

HÁRSTUDIO VESTURBÆJAR

HEFUR OPNAÐI Í JL HÚSINU



TÍMAPANTANIR Í SÍMA
511-5577

Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533

david@fr.is



Mið- og Vesturborgin mikilvægur hluti í uppbyggingunni

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að stóra hlutverk Reykjavíkur sé að standa sig í samkeppni við aðrar borgir og ekki síst þegar yngri kynslóðirnar eiga í hlut. „Mér finnst mikilvægt að borgarbúar og aðrir landsmenn standi saman í þessu verkefni þar sem er býsna mikill slagur. Við verðum að standa saman um mikilvægi þess að borgin vaxi og dafni. Að þar séu öflug fyrirtæki og greidd góð laun. Við verðum að standa saman um spennandi atvinnufyrirtæki og einnig möguleikar til affreyningar. Það viljum við gera bæði með því að standa vörð um það sem er gott en einnig með því að hleypa af stað uppbyggingu í borginni.“ Dagur spjallar við Vesturbæjarblaðið í upphafi nýs árs.

Hver er leiðin að þessu fráma markmiði? „Á undanförunum árum höfum við verið að koma út úr tímum sem einkenndust af þrengingum og krepplu en nú er að verða góður viðsnúningur. En um leið erum við stödd á skeiði þar sem Reykjavíkurborg er að draga vagninn í hagvexti í þjóðfélaginu. Við erum ef til vill að stefna á mesta uppbyggingarskeið í sögu borgarinnar. Þetta reynir vissulega á okkur. Við verðum að huga vel að skipulagi og tryggja að uppbyggingin sé á réttum stöðum en um leið skiptir máli að muna eftir því að nú er mikil eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði sem við viljum svara betur en hægt var að gera á árunum eftir bankahrunið. Bæði varðandi tegundir og stærðir íbúða og að vinna að því stóra verkefni að tryggja öllum húsnæði. Það verkefni er og verður áfram áskorun. Þess vegna leggjum við svo mikla áherslu á húsnæðismálin og þær fjölbreyttu þarfir sem þau fela í sér. Við getum ekki skipulagt borg fyrir einn hóp eða einsleita íbúaþróun heldur verðum við að horfa á allan skalann og þá fjölbreytni sem býr í borginni. Henni þarf að mæta með margbreytilegum valkostum og framboði af húsnæði. Fólk kys að kaupa sér húsnæði, aðrir vilja festa sér búseturétt og enn aðrir vera á leigumarkaði. Öll þessi flóra þarf því að vera til.“

Fjölbreytni atvinnulífsins er að vaxa

Þegar maður horfir yfir atvinnulífið þá er sambærilega sögu að segja. Fjölbreytnin er að aukast en á fyrstu árum þessarar aldar var eins og bankarnir söguðu allt til sín – bæði fjármuni og starfsfólk. En eftir að þeir féllu varð flestum ljóst að auka yrði fjölbreytnina. Reykjavík setti fókussinn einkum á ferðaþjónustu og þá sérstaklega utan háannatíma – það er að segja vetrartímann og vor og haust. Sá vöxtur hefur gengið eftir og er orðinn mun meiri en nokkur bjóst við þegar farið var af stað. Við höfum einnig verið að leggja mikla áherslu á þekkingariðnað og skapandi greinar og maður sér fyrirtækin í þeim geira vaxa og dafna.

Skuldir borgarinnar eru að lækka

Talið berst að fjárhagsstöðu borgarinnar sem nokkuð hefur verið gagnrýnd. Er hún jafn slæm og stundum má skilja af þeirri umræðu sem fer fram. Dagur segir nýgerða kjarasamninga vera helstu útskýringuna á fjárhagsstöðunni. „Tekjurnar voru ekki að fylgja þeim auknu útgjöldum sem samningarnir leiddu til, hvorki hjá Reykjavíkurborg eða öðrum sveitarfélögum. Við höfum hins vegar sett af stað vinnu á vettvangi borgarinnar til þess að takast hratt og skipulega á við þennan vanda. Það er nokkuð sem verður að gera en stóra myndin er engu að síður sú að við erum að sjá skuldir samstæðunnar lækka um tugi milljarða á undanförunum árum Við munum vinna þetta verkefni með sambærilegum hætti og ég er ekki viss um að allir verði mikið varir við það nema ef til vill í umræðunni en sú hagræðing sem við verðum að ná er alveg innan þeirra marka sem við og stjórnendum okkar í valdreifða borgarkerfi treystum okkur til.“

Gistináttagjaldið er eðlilegt

Dagur segir að starfsfólk borgarinnar hafi staðið sig mjög í slíkum verkefnum vel við



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra. Myndin var tekin við undirritun fjögurra ára samninga á milli Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands um rekstur- og framkvæmd heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu sem nemur um 1,3 milljörðum króna á ári á samningstímanum.

erfiðar aðstæður á undanförunum árum. Hins vegar blasi við öllum sveitarfélögum og ekki síst þeim á höfuðborgarsvæðinu sú staðreynd að endurskoða verði tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Dagur segir að ríkið hafi skammtað naumt úr hnefa þegar verkefni hafa verið flutt frá ríki til sveitarfélaga. „Við fengum nokkra leiðréttingu í málefnum fatlaðs fólks fyrir síðustu jól sem munar um, en það er miklu fleira sem huga þarf að. Af því að við vorum að nefna vöxtinn í ferðaþjónustunni er mjög áberandi að hve miklu leyti skatttekjur af þeirri atvinnugrein renna beint í ríkissjóð. Þar er ég að tala um veltutengdu skattana – einkum virðisaukaskattinn. Þessir fjármunir verða eftir hjá ríkinu á meðan sveitarfélögin þurfa að taka aukin útgjöld á sig. Við höfum tekið þetta upp og viljum ræða það og breyta þessari skiptingu. Ég tel fullkomlega eðlilegt að sveitarfélögin fá gistináttagjald – gjald sem greitt er af hverri nótt sem gist er á gististað nákvæmlega eins og er víðast hvað erlendis þar sem fólk greiðir svokallaðan „City tax“ ofan á gistiverðið. Með því væri hægt að tryggja sveitarfélögunum aukna möguleika til þess að standa undir því álagi sem mikil fjölgun ferðamanna skapar.“

Engin þversögn í uppbyggingu og velferð

Dagur segir að skilningur á þessum málum sé að aukast og mikilvægt að ferðaþjónusta taki sem atvinnugrein undir þessar ábendingar. „Ég tel mikilvægt að íbúar í sveitarfélögum þurfi ekki að horfa upp á að takmarkað skattfé sé ekki notað til þess að sinna umhirðu og öðru sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti. Ef þessu verður ekki breytt geta þessi verkefni farið að keppa með beinum hætti við þá fjármuni sem fara til skólahalds eða þjónustu við fatlaða og eldri borgara sem þarf að standa vel að.“

Dagur kveðst ekki sjá neina þversögn í því að vera borg þar sem mikil uppbygging á sér stað og að vera velferðarborg. „Við verðum að muna að öflugt

atvinnulíf og tekjur sem það skapar borginni er grundvöllur þess að reka góða skóla og öflugt velferðarkerfi sem við viljum hafa.“

Dagur bendir á að Reykjavíkurborg sé hlutfallslega með þyngra velferðarkerfi en nágrannasveitarfélögin. „Við erum með umtalsvert hærri hlutfallsleg útgjöld vegna velferðarmála en nokkurt annað sveitarfélag sem stafar að minnsta kosti að einnig vegna þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í velferðarmálum – að vera velferðarsamfélag.“

Mikil breyting við Hverfisgötu og Laugaveg

Talið berst að Vesturbænum og Miðborginni og Dagur segir margt að gerast í þessum hluta Reykjavíkur. „Tvö svæði eru einkum í sókn. Í því sambandi við ég nefna Hverfisgötuna sem hefur verið endurbyggð og nágreinni hennar en þar er um 500 íbúða byggð er að rísa. Við endurbyggingu á Hljómalindarreitnum hefur þess verið gætt að um stakstæð hús sé að ræða. Við Laugavegin er verið að endurgera fjögur gömul hús sem áður átti að rífa. Svæðið í kringum Hlemm er að ganga í endurnýjun lífdaga og sömu sögu má segja um byggðina fyrir ofan. Sama má segja um gamla Hampiðjureitinn og önnur svæði í Holtunum sem áður töldust iðnaðarsvæði en hefur verið breytt í íbúðabyggð.“

Vel á fimmta hundrað íbúðir í Vesturbænum

Dagur bendir á að í samantekt á samþykktum byggingaráformum og útgefnum byggingarleyfum hjá byggingarfulltrúa sýni að árið 2015 var eitt allra stærsta ár í sögu borgarinnar að þessu leyti. „Fjöldi nýrra íbúða í samþykktum byggingaráformum árið 2015 var samtals 969 og í útgefnum byggingarleyfum samtals 926. Um 1.200 íbúðir í fjölbýli eru svo ýmist á þegar samþykktu deiliskipulagi eða í skipulagsferli. Ég get nefnt að á Keilugranda er gert ráð fyrir 78 íbúðum, um 170 íbúðum í Vesturbugt og yfir 200 íbúðum í Stúdentagöðum á Vísindareit

eða vel á fimmta hundrað íbúða í Vesturbænum einum.“

Um 22 þúsund fermetrar og bílakjallari á Tollstöðvarreitnum

Uppbyggingin sem tengja á miðborgina og Hörpu er líka að fara af stað. Samþykkt hafa verið áform um byggingar á Tollstjórareitnum svonefnda. Forsætisráðherra hefur gagnrýnt útlit bygginganna og umfang og reyndar talað um að þarna eigi að rísa 30.000 fermetrar. Hið rétta er reyndar að fermetrarnir eru um 22.000. Og svo er bílakjallari. Engu að síður er ljóst að þetta verður umtalsverð viðbót í áhugaverðu verslunarhúsnæði, beggja vegna við tvær nýjar göngugötur sem borgin eignast milli húsanna. Þarna verða einnig íbúðir og skrifstofuhúsnæði. Engin ástæða er að láta eðlilegar rökræður, vangaveltur og jafnvel deilur um útlit einstakra bygginga yfirskyggja það. Til viðbótar eru framkvæmdir við Marriot hótelið við hlið Hörpu að hefjast og má ætla að hönnun þess verði kynnt von bráðar.“

Eðlilegt að fólk hafi skoðanir á byggingum

Dagur kveðst binda miklar vonir við þessa uppbyggingu. „Fyrir nokkur var rætt um að miðborgin væri að deyja. Verslun og önnur starfsemi færðist út til verslunarmiðstöðva. Stórir flákar væru óbygðir og einkum nýttir sem bílastæði. Með þessum framkvæmdum er varnarbaráttunni snúið í öfluga sókn og gera má ráð fyrir að fast verði sóst eftir verslunarrýmum á þessum stað. Ég tel ekkert óeðlilegt að fólk hafi skoðanir á skipulagi borgarhluta og útliti bygginga. Óeðlilegra væri að fólk hefði það ekki. En hvaða skoðun sem fólk vill hafa á einstökum húsum þá er erfitt að hugsa sér framtíð miðborgarinnar án þessarar viðbóta.

Erum stolt af hafnarsvæðinu

Nú er einnig verið að byggja hafnarstarfsemina upp. Að undanförunu hafa margir þrýst á bygginu íbúða og gistiaðstöðu á svæði gömlu hafnarinnar en við höfum staðið gegn því og sagt að við viljum efla hafnsækna starfsemi. Við höfum einnig verið að leggja áherslu á menningu. Það tengist hugmyndum um skapandi greinar og skapar möguleika fyrir fólk hvort sem það starfar hér á landi eða erlendis eða jafnvel á fleiri en einum stað hluta af því að ef fólk þarf meiri þjónustu á þessu sviði þá leitar það til höfuðborgarinnar. Við getum horft til Kaupmannahafnar í því sambandi þar sem blönduð byggð hafnarstarfsemi og aðstöðu fyrir skapandi greinar hefur verið að þróast. Við erum ákaflega stolt af hafnarsvæðinu og leggjum áherslu á að það fái að njóta sín sem slíkt. Eins og ég sagði í upphafi verðum við að standa saman um spennandi atvinnufyrirtæki og möguleika til affreyningar. Mið- og Vesturborgin eru stór hluti af því verkefni.“



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í CHICAGO

Verð frá **39.600*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



Njóttu hvorrar mínútu

Þú þarft ekki að flýta þér með pönnupizzuna eða rjúka á milli búða á Michigan Avenue. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Rölta meðfram Lake Michigan eða kíkja á sýningu í The Goodman Theatre. Spegla þig í Bauninni, Cloud Gate, staldra við og litast um. Eyða heilum degi í The Museum Park. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lifa.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

[Twitter](#) [Facebook](#) [Instagram](#) [YouTube](#) Vertu með okkur



* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.



Þessar tvær stúlkur úr fyrsta bekk í Vesturbæjarskóla tóku þátt í útikennslu nú í janúar og fóru upp á Landakotstún af því tilefni.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Nýr veitingastaður í Vesturbænum

Hægur matur heim

„Það má segja að við höfum stofnað Borðið utan um eitt klassískasta hversdagsvandamál fjölskyldufólks: „Hvað eigum við að hafa í matinn í kvöld,“ segir Jón Helgi Erlendsson einn stofnenda Borðsins veitingastaðar og verslunar við Ægisíðu 123. Ásamt Jóni standa eiginkona hans Martina Nardini og vinahjón þeirra þau Rakel Eva Sævarsdóttir og Friðrik Ársælsson að staðnum.

„Við erum sannfærð um að lausnin við þessu vandamáli liggir að hluta til í því að bjóða fólki upp á að taka með sér heim fjölbreyttan mat úr fersku, árstíðarbundnu hráefni sem eldaður er á staðnum af alúð og þess vegna má segja að slagorðið hægur matur heim rammi konseptið eða grunnhugmyndina mjög vel inn,“ segir Rakel Eva og Martina bætir við að frá upphafi hafi þau ákveðið að festa sig ekki við ákveðnar stefnur eða strauma, s.s. ítalskt eða franskt eldhús, hráfæði eða eitthvað slíkt, heldur hafa fjölbreytnina í fyrirrúmi, þar sem ætlunin er að heimsókn á Borðið verði hluti af rútinu Vesturbæinga og Seltirninga. Þær Rakel og Martina leggja jafnframt mikla áherslu á framsetningu matarins og ekki síður umbúðirnar, sem verða bæði umhverfisvænar og fallegar. En verður eitthvað fleira á boðstólnum en tilbúinn matur sem fólk getur tekið með sér heim, spyr blaðamaður. „Já það verður fjölmargt annað í boði fyrir sækera. Hillurnar okkar verða drekkhlaðnar af sérvallinni matvöru allt frá gosdrykkjum frá Ítalíu, lakkrís frá Nýja-Sjálandi til sultna og kexa frá Yorkshire í Bretlandi og síðan verðum við með handgerða pottajárns-



Jón Helgi Erlendsson, Martina Vigdís Nardini, Rakel Eva Sævarsdóttir og Friðrik Ársælsson standa að staðnum.

potta frá Alsace í Frakklandi og ýmis búsaðhöld og heimilistengda vöru.“ Jón Helgi bætir við að jafnframt verði boðið upp á ítalskar skinkur og salame sem verða handskornar eftir pöntun og ferskt súrdeigsbrauð. „Svo má alls ekki gleyma eftirrættunum sem verða á boðstólnum seinni part vikunnar“ bætir Martina við. Hópurinn hafi fengið til liðs við sig valinkunnan eftirrættasmið sem komi til með að heilla viðskiptavinum staðarins upp úr skónum með metnaðarfullum og frumlegum eftirrættum. „Eins og þú heyrir þá verður mikið í gangi hjá okkur á hverjum degi og alltaf eitthvað nýtt að sjá og smakka,“



Ægisíða 123.

segir Rakel Eva og Friðrik bætir við „Það má því kannski segja að staðurinn feli í sér svolítið afturhvarf til kaupmannsins á horninu. Það á að vera svolítil upplifun að koma hingað inn og hér á fólk að fá persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf um allt sem viðkemur mat.“

TUDOR RAFGEYMAR

Vertu viðbúinn kuldanum í vetur!

TUDOR High Tech rafgeymar í allar gerðir farartækja.

Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir bíla með miklum aukarafbúnaði.
Mælum og skiptum. - Traust og fagleg þjónusta.

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

FYRIRTAK

málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“.

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
s. 690 3111

Sjálfboðaliðar ársins

Knattspyrnudeild KR hefur í tæpa tvo áratugi veitt sjálfboðaliðum ársins viðurkenningar fyrir þeirra störf. Á myndinni hér til hliðar eru þrír af fimm sjálfboðaliðum ársins: Þóra Passauer (mfl. kvenna), Margeir Ingólfsson (dómari ársins) og Anna Jóhannesdóttir (yngri flokkar). Þráinn Jóhannsson (félagsstarf) og Jón Hafsteinn Hannesson (mfl. karla) voru ekki viðstaddir afhendinguna.



Kári Ármannsson sigraði í kadett flokki á Welsh Euro Challenge í borðtennis

Kári Ármannsson sigraði í einstaklingskeppninni í kadett flokki (flokki sveina fæddir 2001-2002) á Welsh Euro Challenge í borðtennis, sem fram fór í Cardiff í Wales helgina 16. til 17. janúar. Kári vann í úrslitum Benedict Watson frá Wales 3-0. Þátttökulönd voru England, Lúxemborg, Malta, Wales og Ísland. Karítas Ármannsdóttir og Sveina Rósa Sigurðardóttir lentu í fimmta sæti í sínum flokkum. Íslenska liðið varð í 4. sæti í stigakeppninni en auk þessara þriggja var Ingi Darvis Rodríguez úr Víkingi í íslenska liðinu. Keppt var í kadett flokki (14-15 ára) og mini kadett flokki (13 ára og yngri).



Íslenska liðið.

A-lið kvenna enn ósigrað

A-lið KR er enn ósigrað í 1. deild kvenna í borðtennis. Sjöunda og áttunda umferð í 1. deild karla og kvenna fóru fram í Íþróttahúsi Hagaskóla 16. janúar. A-lið KR er enn ósigrað í 1. deild kvenna og sigraði liðið í 2. sæti, A-lið Víkings 3-0, í 8. umferð. B-lið KR er í 4.-5. sæti og C-liðið í 6. sæti. Í 1. deild karla er B-lið KR í 4. sæti og A-liðið í 5. sæti. B-liðið sigraði Víking-B en bæði liðin töpuðu fyrir HK. A-liðið tapaði svo fyrir A-liði Víkings. Vegna fjarveru leikmanna í unglíngalandsliðinu, sem tekur þátt í verkefni í Wales um helgina, komu fjórar ungar og efnilegar stúlkur inn í B- og C-kvennaliðin (Guðbjörg Lív Margrétardóttir, Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, Lilja Lív Margrétardóttir og



Þóra Þórisdóttir og Pétur Gunnarsson lék með B-liði KR í 1. deild karla.

Þorrablót KR klúbbsins

Tilefni er til að minna á þorrablót á vegum KR-klúbbsins sem verður haldið 6. febrúar næstkomandi í KR-heimilinu. Konur og karlar blóta þorran saman með þorramat frá Múlakaffi. Veislustjóri verður

Felix Bergsson. Allir eru velkomnir og húsið opnar kl. 19.00. Miðasala er hafin hjá Þráni skóara, Grettisgötu 3 eða í síma 822-4982 og er miðaverð 6.900 krónur.

KR-SÍÐAN



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



www.kr.is



Rauða Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur



Eru tryggingarnar þínar í lagi?



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.
Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

Gleraughtatilað



Sjónmælingar og
linsumátun á staðnum

20–40% afsláttur
af umgjörðum
20% af glerjum